Staða í lok tímabilsins	448.058	177.930	2.696.619	3.322.606
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1. 2011.....	988.461	171.864	353.800	1.514.125
Bókfært verð 30.9. 2011.....	978.973	83.934	326.923	1.389.831
1.1.-31.12. 2010				
Heildarverð				
Staða í ársbyrjun	1.427.031	247.492	2.895.665	4.570.188
Endurflokkun eigna	0	0	(13.285)	(13.285)
Viðbætur á árinu	0	14.372	82.554	96.926
Staða í árslok	1.427.031	261.864	2.964.934	4.653.829
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	424.631	0	2.497.153	2.921.784
Afskrifað á árinu	13.939	90.000	113.981	217.920
Staða í árslok	438.570	90.000	2.611.134	3.139.704
Bókfært verð				
Bókfært verð 1.1. 2010.....	1.002.400	247.492	398.512	1.648.404
Bókfært verð 31.12. 2010.....	988.461	171.864	353.800	1.514.124

Skýringar

10. Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum

Gerðir hafa verið fjórir raforkusölusamningar upphaflega til 20 ára, einn við Landsvirkjun vegna Norðuráls og þrír við Norðurál vegna álversins á Grundartanga, sem og samningar við Landsnet hf. um flutning á rafmagni. Orkuveitan og Norðurál hafa einnig gert með sér raforkusölusamning vegna raforkusölu til fyrirhugaðs álvers í Helguvík og hefur afhending samkvæmt þeim samningi hafist, en samningurinn er til 25 ára. Raforkusölusamningar þessir eru gerðir í dollurum og er verð á rafmagninu tengt heimsmarkaðsverði á áli.

Ofangreindir raforkusölusamningar fela í sér innbyggðar afleiður, þar sem tekjur af þeim eru háðar breytingum á heimsmarkaðsverði á áli í framtíðinni. Í samræmi við ákvæði IAS 39 um fjármálagerninga hefur gangvirði þessara innbyggðu afleiða vegna Grundartanga og að hluta til vegna Helguvíkur verið metið og fært í árshlutareikninginn.

Þar sem markaðsverð á þessum innbyggðu afleiðum liggur ekki fyrir hefur verið lagt mat á gangvirði þeirra með viðurkenndum matsaðferðum. Ákvarðað hefur verið vænt núvirt greiðsluflæði samnings á uppgjörssdegi, miðað við framvirkt verð á áli á LME (London Metal Exchange) á uppgjörssdegi og væntinga um verðþróun á áli til næstu 25 ára. Byggt er á mati CRU, óháðum matsaðila, eins og það liggur fyrir á uppgjörssdegi. Frá núvirtu greiðsluflæði á uppgjörssdegi hefur verið dregið vænt núvirt greiðsluflæði samnings á uppgjörssdegi miðað við forsendur um álverð sem lágu til grundvallar á upphafsdegi samnings. Mismunurinn er gangvirðisbreyting afleiðunnar. Gengið er út frá því að afleiðan hafi ekkert virði á upphafsdegi samnings.

Innbyggðar afleiður þeirra orkusölusamninga sem færðir eru í árshlutareikninginn eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á gangvirði á reikningsskiladegi og gangvirðisbreyting tímabilsins er færð í rekstrarreikning meðal tekna og gjalda af fjáreignum og fjárskuldum.

Gangvirði innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum greinist þannig:	30.9. 2011	31.12. 2010
Gangvirði innbyggðra afleiða í ársbyrjun	20.411.105	20.164.273
Breyting á gangvirði á tímabilinu	(4.603.983)	246.832
Gangvirði innbyggðra afleiða í lok tímabilsins	15.807.122	20.411.105

Skipting innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum er eftirfarandi:

Langtímahluti innbyggðra afleiða	14.884.994	18.809.205
Skammtímahluti innbyggðra afleiða	922.128	1.601.900
Innbyggðar afleiður samtals	15.807.122	20.411.105

Meðal innbyggðra afleiða raforkusölusamninga er samningur við Norðurál Helguvík ehf. (NH) að fjárhæð 2,1 milljarðar króna. Framkvæmdir vegna álvers í Helguvík hafa tafist verulega og er ákveðin óvissa um frekara framhald þess verkefnis. Áætlað var að afhenda orku til álversins 1. september og hófst þá greiðsluskylda NH. NH hefur nýtt sér ákvæði samnings um að nota orkuna í álverinu á Grundartanga.

Mótaðilaáhættu í þessum samningi meta stjórnendur töluverða og endurspeglast það í virði afleiðunnar. Að svo komnu máli telja stjórnendur ekki ástæðu til varúðarniðurfærslu á innbyggðu afleiðunni.

Ef samningi verður rift eða samið á öðrum forsendum þá leiðir það til gjaldfærslu á bókfærðu virði innbyggðu afleiðunnar.

Skýringar

11. Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:

1.1.-30.9. 2011	Skatteign	Skattskuld	Nettó
Tekjuskattseign/-skuld í ársbyrjun	206.741	3.780.403 (	3.573.662)
Reiknaður tekjuskattur tímabilsins	30.792	(2.487.975)	2.518.767
Tekjuskattseign/-skuld í lok tímabilsins	237.533	1.292.428 (	1.054.895)

1.1.-31.12. 2010

Tekjuskattseign/-skuld í ársbyrjun	1.194.314	10.963	1.183.351
Áhrif breytingar á tekjuskattshlutfalli á endurmatsreikning (	20.435)	1.513.975 (	1.534.410)
Reiknaður tekjuskattur ársins	(781.321)	2.255.465 (	3.036.786)
Aðrar breytingar	(185.817)	0 (	185.817)
Tekjuskattseign/-skuld í árslok	206.741	3.780.403 (	3.573.661)

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	30.9. 2011		31.12. 2010	
	Skatteign	Skattskuld	Skatteign	Skattskuld
Varanlegir rekstrarfjármunir	(264.121)	16.731.001 (	433.321)	17.023.296
Innbyggðar afleiður	0	5.690.564	0	7.347.998
Aðrir liðir	17.692 (	401.040)	(25.549)	1.286.811
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	483.962 (	20.728.096)	665.612 (	21.877.702)
Tekjuskattseign/-skuld í lok tímabilsins	237.533	1.292.428	206.742	3.780.403

Stjórnendur hafa lagt mat á nýtingu yfirfæranlegs skattalegs taps og gert áætlanir um skattskyldan hagnað á næstu árum. Samkvæmt því mun tekjuskattseign sem færð er vegna yfirfæranlegs taps nýtast.

12. Eigið fé

Eiginfjárhlutfall samstæðunnar í lok tímabilsins er 18,7% (31.12.2010: 18,4%). Ávöxtun eiginfjár var neikvæð um 12,4% á tímabilinu (1.1. til 31.12. 2010: jákvæð um 34,4%).

Engar arðgreiðslur eru á árinu 2011 til eigenda móðurfyrirtækisins. (2010: 800 milljónir kr.)

Skýringar

13. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir samstæðunnar eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði og greinast með eftirfarandi hætti. Frekari upplýsingar um vaxtaáættu og gjaldmiðlagengisáhættu eru veittar í skýringu 14.

Langtímaskuldir	30.9. 2011	31.12. 2010
Skuldir við lánastofnanir	193.695.068	193.902.191
Víkjandi lán frá eigendum	8.132.461	0
Lánalínur	4.282.470	8.766.600
Skuldabréfaútgáfa	22.226.032	21.692.110
	228.336.031	224.360.901
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(15.624.926)	(16.443.990)
	212.711.105	207.916.911
Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15.624.926	16.443.990
Skammtímalán	1.230.000	830.000
	16.854.926	17.273.990
Vaxtaberandi skuldir samtals	229.566.031	225.190.901

Skilmálar vaxtaberandi skulda

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

	Lokagjalddagi	30.9. 2011		31.12. 2010	
		Meðalvextir í lok tímabils	Eftirstöðvar	Meðalvextir í árslok	Eftirstöðvar
Skuldir í CHF	26.6.2036	0,54%	44.099.107	0,58%	41.746.713
Skuldir í EUR	6.12.2032	2,01%	69.106.657	1,29%	75.620.884
Skuldir í USD	8.11.2030	1,44%	38.016.787	1,37%	37.772.740
Skuldir í JPY	26.6.2036	0,49%	22.976.850	0,57%	21.949.837
Skuldir í GBP	26.6.2036	1,80%	7.144.340	1,69%	7.078.811
Skuldir í SEK	5.10.2027	2,81%	11.829.845	1,61%	13.548.619
			193.173.586		197.717.604
Skuldir í íslenskum krónum:					
Verðtryggðar	1.10.2037	4,76%	35.162.445	4,92%	26.643.296
Óverðtryggðar	15.10.2011	7,00%	1.230.000	7,50%	830.000
			36.392.445		27.473.296
Vaxtaberandi skuldir samtals			229.566.031		225.190.900

Skýringar

13. Vaxtaberandi skuldir frh.

Afborganir langtímalána greinast þannig næstu tímabil:	30.9. 2011	31.12. 2010
1.10. 2011 til 30.9. 2012 / 1.1. til 31.12. 2011.....	15.624.926	16.443.990
1.10. 2012 til 30.9. 2013 / 1.1. til 31.12. 2012.....	25.577.440	12.605.836
1.10. 2013 til 30.9. 2014 / 1.1. til 31.12. 2013.....	16.937.708	27.976.909
1.10. 2014 til 30.9. 2015 / 1.1. til 31.12. 2014.....	12.949.666	14.881.311
1.10. 2015 til 30.9. 2016 / 1.1. til 31.12. 2015.....	17.939.004	12.369.891
Síðar	139.307.287	140.082.963
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	228.336.031	224.360.900

Ábyrgðir og veðsetningar

Eigendur móðurfyrirtækisins eru í hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldum og skuldbindingum móðurfyrirtækis. Samstæðan hefur ekki veðsett eignir sínar til tryggingar á skuldum.

Fjárhagsskilyrði lánasamninga

Lán að fjárhæð 15.069 milljónir kr. eru lánasamningar með tilteknum fjárhagsskilyrðum (31.12.2010: 14.313 milljónir kr.) Stjórnendur fara reglulega yfir fjárhagsskilyrðin og er mat stjórnenda að ekki sé hætt á að þau falli.

14. Áhættustýring og fjármálagerningar

a. Yfirlit

Orkuveita Reykjavíkur hefur samþykkt stefnu um markmið og framkvæmd áhættustjórnunar. Meginmarkmið áhættustýringar samkvæmt stefnunni er að stuðla að stöðugri afkomu og lágmarka fjármagnskostnað með því að lágmarka sveiflur í gengi og álverði og stuðla að lágu vaxtastigi.

Gengisáhætta samstæðunnar er tengd áhættu í sjóðstreymi og áhættu í efnahagsreikningi. Vaxtaáhætta tengist þróun breytilegra vaxta og fastra vaxta og getur hvort heldur tengst sjóðstreymi eða efnahagsreikningi. Áhætta vegna þróunar álverðs er af völdum tengingar orkuverðs til stóriðju við álverð og getur hvort heldur tengst sjóðstreymi eða efnahagsreikningi.

Fylgst er með gengisáhættu samstæðunnar bæði í sjóðstreymi og efnahagsreikningi með viðurkenndum reikniaðferðum. Árlegt staðalfrávik og dagleg fjárhæð í húfi (e. value at risk) fyrir skuldir og áætlað sjóðstreymi í erlendum myntum er mælt. Með sama hætti er fylgst með áhættu í sjóðstreymi af völdum verðbreytinga áls og vaxta.

Í stefnunni er áhætta skilgreind og árangursmælikvarðar settir. Stjórn fyrirtækisins fær reglulega yfirlit um stöðu og árangur áhættustýringar samstæðunnar.

Ákvörðunartaka og eftirlit með framkvæmd áhættustýringarinnar er hjá áhættunefnd. Í áhættunefnd sitja forstjóri, framkvæmdastjóri Fjármála, forstöðumaður Fjár- og áhættustýringar og forstöðumaður Hagmála.

Fjárhagsleg áhætta greinist í:

- Markaðsáhættu
- Lausafjárahættu
- Lánsáhættu

Skýringar

14. Áhættustýring og fjármálagerningar, frh.

b. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, álverðs og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjármálagerninga. Þetta er sú áhætta sem vegur langþýngst hjá samstæðunni og greinist í:

- Gjalddeyrísáhættu vegna skulda í efnahagsreikningi og sjóðstreymis í erlendri mynt.
- Vaxtaáhættu vegna lána
- Áhættu vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á áli.

i) Gjalddeyrísáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna sölusamninga, innkaupa og langtímalána í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru evra (EUR), svissneskir frankar (CHF), japanskt jen (JPY), bandarískur dollar (USD) og sænskar krónur (SEK).

Vegna markaðsaðstæðna á Íslandi hefur fyrirtækið takmarkaða eða enga möguleika til að verjast gengisáhættu þar sem mótaðilar í framvirkum samningum og öðrum afleiðusamningum eru ekki fyrir hendi á

Af langtímalánum samstæðunnar eru um 84,1% í erlendum gjaldmiðlum. Gengisáhættan er varin í samræmi við stefnu fyrirtækisins um áhættustýringu þar sem veginn er saman vaxtakostnaður lánanna og gengisáhætta. Vaxtastig lána í erlendum gjaldmiðlum var umtalsvert lægra en lána í íslenskrí krónu. Samstæðan hefur gert langtíma sölusamninga á raforku í erlendum gjaldmiðli (USD). Væntar tekjur vegna þessara samninga á uppgjörssdegi er um 157.842 milljónir kr. Sú fjárhæð er byggð á framvirku verði á áli á LME (London Metal Exchange) á uppgjörssdegi og væntinga um verðþróun á áli til næstu 25 ára samkvæmt mati CRU, óháðum mattsaðila, eins og það liggur fyrir á uppgjörssdegi.

Gengi helstu gjaldmiðla var eftirfarandi á árinu:

	1.1.-30.9. 2011	1.1.-31.12. 2010	30.9. 2011	31.12. 2010
	Meðalgengi		Uppgjörsgengi	
CHF	131,80	116,83	130,33	122,85
EUR	162,21	161,34	158,61	153,80
USD	115,40	122,19	117,95	114,91
JPY	1,435	1,465	1,531	1,413
GBP	186,17	188,54	184,26	178,43
SEK	18,00	17,35	17,29	17,14
CAD	117,98	118,48	113,52	115,16
Þróng viðskiptavog SÍ	217,42	216,30	213,91	207,09

Skýringar

14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

b. Markaðsáhætta, frh.

i) Mögulegt tap vegna gjaldeyrisáhattu

Gjaldeyrisáhætta samstæðunnar miðað við nafnverðsfjárhæðir er eftirfarandi:

30.9. 2011	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	CAD	SEK	DKK	Samtals
Vaxtaberandi skuldir	(44.099.107)	(69.106.657)	(38.016.787)	(22.976.850)	(7.144.340)	0	(11.829.845)	0	(193.173.586)
Viðskiptaskuldir		(4.535)	(79.512)					(2.757)	(86.803)
Viðskiptakröfur			489.583	4.567					494.150
Bankainnstæður	1.228	1.069.186	712.402	91.161	942	3.142	1.341	84	1.879.487
Álafleiður			15.807.122						15.807.122
Aðrar fjáreignir			7.474.333						7.474.333
Áhætta í efna- hagsreikningi	(44.097.879)	(68.042.006)	(13.612.859)	(22.881.122)	(7.143.397)	3.142	(11.828.504)	(2.673)	(167.605.297)
Áætluð sala 2011			7.724.452						7.724.452
Áætluð kaup 2011		(2.019.358)	(119.485)	(2.152.684)	(3.360)				(4.294.887)
Áhætta utan efna- hagsreiknings	0	(2.019.358)	7.604.966	(2.152.684)	(3.360)	0	0	0	3.429.565
Skiptasamningar	(376.897)			356.475					(20.423)
Nettó áhætta	(44.474.776)	(70.061.364)	(6.007.892)	(24.677.331)	(7.146.757)	3.142	(11.828.504)	(2.673)	(164.196.155)

Skýringar

14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

b. Markaðsáhætta, frh.

i) Mögulegt tap vegna gjaldeyrisáhattu, frh.

31.12. 2010	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	CAD	SEK	DKK	Samtals
Vaxtaberandi skuldir	(41.746.713)	(75.620.884)	(37.772.740)	(21.949.837)	(7.078.811)	0	(13.548.619)	0	(197.717.604)
Viðskiptaskuldir		(139.201)	(63.820)		(85)		(1.902)	(665)	(205.673)
Viðskiptakröfur			504.502						504.502
Bankainnstæður	55	474.769	669.812	79	998	347	7.867		1.153.927
Álafleiður			20.411.105						20.411.105
Aðrar fjáreignir			7.184.527						7.184.527
Áhætta í efna- hagsreikningi	(41.746.658)	(75.285.316)	(9.066.614)	(21.949.758)	(7.077.898)	347	(13.542.654)	(665)	(168.669.216)
Áætluð sala 2011			6.853.028						6.853.028
Áætluð kaup 2011		(1.385.737)	(30.098)	(853.697)				(536)	(2.270.068)
Áhætta utan efna- hagsreiknings	0	(1.385.737)	6.822.930	(853.697)	0	0	0	(536)	4.582.960
Skiptasamningar	(538.046)			497.521					(40.525)
Nettó áhætta	(42.284.704)	(76.671.053)	(2.243.684)	(22.305.934)	(7.077.898)	347	(13.542.654)	(1.201)	(164.126.781)

Næmnigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% í lok tímabilsins gagnvart eftirfarandi gjaldmiðlum myndi hækka (lækka) eigið fé og afkomu eins árs um eftirfarandi fjárhæðir að teknu tilliti til skattáhrifa.

Hagnaður eða (tap)

	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	CAD	SEK	DKK	Samtals
1.1.-30.9. 2011	2.822.264	4.354.688	871.223	1.464.392	457.177	(201)	757.024	171	10.726.739
1.1.-31.12. 2010	2.671.786	4.818.260	580.263	1.404.785	452.985	(22)	866.730	43	10.794.830

Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2010. Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði sömu áhrif en í gagnstæða átt að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist stöðugar.

Skýringar

14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

b. Markaðsáhætta, frh.

ii) Vaxtaáhætta

Lán samstæðunnar eru að mestu leyti með breytilega vexti. Vegna núverandi markaðsaðstæðna á Íslandi ver fyrirtekið sig ekki gegn vaxtaáhhættu nema að takmörkuðu leyti.

Vaxtaberandi fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar greinast með eftirfarandi hætti í lok tímabilsins:

Fjármálagerningar með fasta vexti	30.9. 2011	31.12. 2010
Fjáreignir	7.523.070	7.337.821
Fjárskuldir	41.439.110	28.229.743
	<u>33.916.040</u>	<u>20.891.922</u>
 Fjármálagerningar með fljótandi vexti		
Fjárskuldir	188.147.343	197.001.682
	<u>188.147.343</u>	<u>197.001.682</u>

Næmnigreining gangvirðis fjármálagerninga með fasta vexti

Fjármálagerningar samstæðunnar með fasta vexti eru ekki færðir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, auk þess sem afleiðusamningar (þ.e. gjaldmiðlaskiptasamningar) eru ekki tilgreindir í áhættuvarnarsambandi sem gangvirðisvarnir. Vaxtabreytingar á uppgjörssdegi eiga því ekki að hafa áhrif á rekstrarreikning samstæðunnar.

Næmnigreining sjóðstreymis vegna fjármálagerninga með breytilega vexti

Breyting á vöxtum á uppgjörssdegi um 100 punkta myndi hækka (lækka) eigið fé og afkomu eins árs um neðangreindar fjárhæðir að teknu tilliti til skattáhrifa. Þessi greining byggir á þeirri forsendu að allar aðrar breytur, þar með talið gengi gjaldmiðla, haldist stöðugar.

	Afkoma	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
1.1.-30.9. 2011		
Fjármálagerningar með breytilega vexti	(1.204.143)	1.204.143
Næmnigreining sjóðstreymis, nettó	(1.204.143)	1.204.143
 1.1.-31.12. 2010		
Fjármálagerningar með breytilega vexti	(1.255.499)	1.255.499
Næmnigreining sjóðstreymis, nettó	(1.255.499)	1.255.499

Skýringar

14. Áhættustýring og fjármálagæringar frh.:

b. Markaðsáfhætta, frh.

iii) Álverðsáfhætta

Samstæðan hefur gert raforkusölusamninga þar sem söluverð á raforku byggir m.a. á markaðsverði áls á LME (London Metal Exchange). Samstæðan hefur ekki varið sig sérstaklega fyrir breytingum á álverði. Tekjur af raforkusölusamningum sem tengdir eru álverði námu 19,2% af heildartekjum samstæðunnar á tímabilinu 1.1. til 30.9 2011 (1.1. til 31.12. 2010: 20,4%)

Næmnigreining

Breyting á álverði um 10% í lok tímabilsins til hækkunar eða lækkunar hefði eftirfarandi áhrif á hagnað eða tap samstæðunnar eftir skatta.

	Afkoma	
	30.9. 2011	31.12. 2010
Hækkun um 10%	6.838.425	6.797.375
Lækkun um 10%	(6.863.972) (	6.827.243)

iv) Önnur markaðsverðsáfhætta

Önnur markaðsáfhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi samstæðunnar.

c. Lausafjárahætta

Lausafjárahætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

Orkuveitan átti í lok tímabilsins handbært fé að fjárhæð um 3,7 milljarðar kr. Orkuveitan átti einnig ónýttar lánsheimildir og opna lánalínu upp á samtals um 8,2 milljarða kr. Samtals átti Orkuveitan þannig tryggt lausafé í lok tímabilsins upp á um 11,9 milljarða kr. Samsvarandi fjárhæð í lok árs 2010 nam um 9,7 milljörðum kr.

Samkvæmt aðgerðaáætlun OR og eigenda frá 29.3.2011 fær OR lán frá eigendum sínum, alls 12 milljarða króna, sem þeir greiða í samræmi við eignarhluti sína í fyrirtækinu. Lán að upphæð 8 milljarðar króna var veitt í apríl á þessu ári og 4 milljarðar króna verða veittir árið 2013. Lánin eru til 15 ára á bestu kjörum Lánasjóðs sveitarfélaga og eru afborganalaus fyrstu fimm árin.

Skýringar

14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

c. Lausafjáráhætta, frh.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldir væntanlegar vaxtagreiðslur, greinast þannig:

30.9. 2011

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1-2 ár	Eftir 2-5 ár	Eftir meira en 5 ár
Vaxtaberandi						
skuldir	229.566.030	(267.293.172)	(19.830.445)	(28.782.417)	(58.578.257)	(160.102.054)
Viðskiptaskuldir .	1.582.157	(1.582.157)	(1.582.157)			
Aðrar skuldir	4.086.698	(4.086.698)	(4.086.698)			

Fjármálagerningar sem eru afleiður

Gjaldmiðaskipta- samningar	20.423	(19.335)	(11.175)	(8.161)	0	0
	235.255.308	(272.981.362)	(25.510.474)	(28.790.577)	(58.578.257)	(160.102.054)

31.12. 2010

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður

Vaxtaberandi						
skuldir	225.190.900	(287.602.690)	(20.199.148)	(16.505.776)	(70.305.962)	(180.591.804)
Viðskiptaskuldir .	1.981.573	(1.981.573)	(1.981.573)			
Aðrar skuldir	2.258.751	(2.258.751)	(2.258.751)			

Fjármálagerningar sem eru afleiður

Gjaldmiðaskipta- samningar	40.525	(42.350)	(17.086)	(14.079)	(11.185)	0
	229.471.749	(291.885.364)	(24.456.558)	(16.519.855)	(70.317.147)	(180.591.804)

Gert er ráð fyrir endurfjármögnun langtímalána til lengingar lánstíma. Því má gera ráð fyrir að dreifing afborgana verði önnur en að ofan greinir.

Skýringar

14. Áhættustýring og fjármálagæðingar frh.:

d. Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagæðningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar væri einkum vegna viðskiptakrafna. Tap vegna vangoldinna krafna eru óveruleg og hafa takmörkuð áhrif á afkomu samstæðunnar.

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í lok tímabilsins:

	30.9. 2011	31.12. 2010
Viðskiptakröfur	4.334.727	3.661.642
Aðrar skammtímakröfur	478.784	91.730
Aðrar fjáreignir	7.523.070	7.337.821
Handbært fé	3.744.341	2.343.648
	<u>16.080.922</u>	<u>13.434.840</u>

Mesta mögulega tap vegna viðskiptakrafna á reikningsskiladegi eftir viðskiptavinum:

Viðskiptakröfur, stórnotendur	433.012	451.120
Viðskiptakröfur, smásala	3.901.715	3.210.521
	<u>4.334.727</u>	<u>3.661.641</u>

Virðisrýrnun

Aldursgreining viðskiptakrafna og niðurfærsla lok tímabilsins:

	30.9. 2011		31.12. 2010	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur	3.402.094	62.036	2.902.451	81.489
Gjaldfallnar kröfur, 1 til 30 dagar	728.987	20.855	141.469	7.004
Gjaldfallnar kröfur, 31 til 90 dagar	68.852	10.233	281.275	8.319
Gjaldfallnar kröfur, eldri en 91 dagur	433.758	205.841	636.928	203.669
	<u>4.633.691</u>	<u>298.965</u>	<u>3.962.123</u>	<u>300.481</u>

e. Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært virði fjáreigna og fjárskulda í árshutareikningnum er jafnt og gangvirði þeirra með þeirri undantekningu að vaxtaberandi skuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	30.9. 2011		31.12. 2010	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir	(229.566.030)	(223.849.021)	(225.190.900)	(217.643.060)

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta og er afvaxtað með markaðsvöxtum auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörsdegi.

Skýringar

14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

e. Gangvirði, frh.

Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörstegi þegar vænt sjóðsstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

	30.9. 2011	31.12. 2010
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	2,08% til 10,20%	1,68% til 7,74%
Aðrar fjáreignir	6,37% til 7,35%	5,44% til 7,22%
Vaxtaberandi skuldir	1,98% til 5,46%	1,54% til 5,57%

Stig gangvirðis

Taflan hér að neðan sýnir fjármálagerninga sem færðir eru í árshlutareikninginn, flokkaða eftir stigi gangvirðis. Stig gangvirðis eru skilgreind út frá verðmatsaðferð á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Uppgefin verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir.

Stig 2: Forsendur byggja á öðrum breytum en uppgefnum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verð) eða óbeint (afleidd af verðum).

Stig 3: Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru ekki byggðar á gögnum sem unnt er að afla á markaði.

30.9. 2011	Stig 2	Stig 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum	0	1.933.269	1.933.269
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	15.807.122	15.807.122
Aðrar fjáreignir	0	7.474.333	7.474.333
Aðrar fjárskuldir	(20.423)	0	(20.423)
	(20.423)	25.214.723	25.194.301

31.12. 2010

Eignarhlutir í félögum	0	2.062.445	2.062.445
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	20.411.105	20.411.105
Aðrar fjáreignir	0	7.184.527	7.184.527
Aðrar fjárskuldir	(40.525)	0	(40.525)
	(40.525)	29.658.077	29.617.552

Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum til lengri tíma en tíu ára eru flokkaðar undir 3. stig þar sem framtíðarmarkaður áls nær eingöngu yfir tíu ár.

Skýringar

14. Áhættustýring og fjármálagerningar frh.:

f. Yfirlit um fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	30.9. 2011			31.12. 2010		
	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegn. rekstur	Fjáreignir til sölu	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í gegn. rekstur	Fjáreignir til sölu
Eignarhlutar í félögum			1.933.269			2.062.445
Innb. afleiður í raforkus.samn. .		15.807.122			20.411.105	
Aðrar fjáreignir ...	48.736	7.474.333		153.293	7.184.527	
Viðskiptakröfur ..	4.334.727			3.661.642		
Aðrar sk.kr.	478.784			91.730		
Handbært fé	3.744.341			2.343.648		
Vaxtab. skuldir ... (229.566.030)			(225.190.900)			
Aðrar fjárskuldir . (20.423)				(40.525)		
Viðskiptaskuldir . (1.582.157)			(1.981.573)			
Aðrar sk.skuld. .. (4.086.698)			(2.258.751)			
	(226.628.297)	23.261.032	1.933.269	(223.180.911)	27.555.107	2.062.445

15. Fyrirtæki í samstæðunni

Eignarhlutar í dótturfyrirtækjum sem eru innifalin í samstæðureikningnum greinast þannig:

Dótturfyrirtæki	Meginstarfsemi	Nafnverð	Eignarhluti	
			30.9. 2011	31.12. 2010
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	Gagnaflutningar	4.736.841	100,0%	100,0%
Reykjavík Energy Invest ehf.	Fjárfestingarfyrirtæki	510.223	100,0%	100,0%
Úlfjótssvatn frítímabyggð ehf.	Undirbúningsfyrirtæki	225.000	100,0%	100,0%
Hrafnabjargavirkjun	Undirbúningsfyrirtæki	6.000	60,0%	60,0%

Helstu breytingar á samstæðunni á tímabilinu

Í ágúst 2011 var hlutafé í Reykjavík Energy Invest ehf. lækkað um tæpa 2,5 milljarða kr. eða úr 3.005 milljónum kr. í 510 milljónir kr. Lækkunin var annars vegar gerð til að jafna uppsafnað tap félagsins að fjárhæð 1,5 milljarðar kr. og hins vegar með afskrift greiðsluskyldu móðurfyrirtækisins að fjárhæð 1,0 milljarður kr.

Skýringar

16. Önnur mál

Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum

Meðal innbyggðra afleiða um raforkusölu eru samningar við Norðurál-Grundartanga ehf. og Norðurál-Helguvík ehf. Norðurál hefur frá 1. október skert pantanir sínar á raforku, sem byggja á þessum samningum, um 500 milljónir kr. á ársgrundvelli m.v. núverandi forsendur um álverð og gengi. Orkuveita Reykjavíkur telur Norðurali ekki stætt á að skerða greiðslur sem þessu nemur, ágreiningur er um greiðsluskýldu milli aðila.

Seinkun framkvæmda

Vegna tafa sem orðið hafa á að fyrirvörum í orkusölusamningi Orkuveitu Reykjavíkur og Norðuráls Helguvíkur (NH) sé aflétt, hefur skapast óvissa um framhald framkvæmda varðandi orkuframleiðslu. Unnið hefur verið að endurskoðun orkusölusamninga við Norðurál og er þeirri endurskoðun ekki lokið. Það er afstaða Orkuveitunnar að forsendur hluta samninganna við NH séu brostnar og um þetta er ágreiningur við NH. Vegna ofangreinds hafa einnig orðið tafir á efndum á samningi við Mitsubishi Heavy Industries og Balcke Dürr (MHI og BD) um kaup á vélasmstæðum vegna orkusölusamningsins, en um skuldbindingar vegna þeirra er fjallað í skýringu 8. Samningaviðræður eru hafnar við Mitsubishi Heavy Industries og Balcke Dürr (MHI og BD) um frestun á afhendingu vélasmstæða. Enn er óvissa um framhald mála varðandi framkvæmdir og þar með um niðurstöður um hugsanlegar fjárhæðir bótagreiðslna til MHI og BD, sem gætu þó orðið verulegar ef til þeirra kæmi. Ráðgert er að ljúka viðræðum við MHI og BD fyrir árslok. Mat stjórnenda er að ekki sé ástæða til að gera varúðarfærslu í árshlutareikninginn vegna áðurnefndra mála að svo komnu máli þar sem unnið er að ýmsum lausnum sem er ætlað að lækka verulega þennan kostnað fyrir Orkuveituna en þær lausnir telja stjórnendur góðar líkur á að gangi eftir.

Samningi við Jarðboranir var endanlega rift á tímabilinu. Heildar tafa- og riftunarkostnaður var 692 milljónir króna, en 675 milljónir króna af þeirri fjárhæð höfðu verið gjaldfærðar í rekstrarreikningi 2010 og 18 milljónir eru gjaldfærðar í rekstrarreikningi á fyrri árshelmingi 2011.

Áhrif vegna breytinga á gengi og álverði á frá uppgjörssdegi til áritunardags

Á áritunardegi árshlutareikningsins, 28. nóvember 2011 er gengisvísitalan 216,01 en var 214,6 á uppgjörssdegi 30. september 2011. Ef vaxtaberandi skuldir fyrirtækisins hefðu verið gerðar upp m.v. gengi á áritunardegi þá hefðu þær numið 231,3 milljörðum kr. eða 1,7 milljarði króna hærri en staða þeirra er skráð 30.9. 2011 og innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, að teknu tilliti til breytinga á álverði og gengi frá uppgjörssdegi, hefðu numið 17,4 milljörðum kr. eða 1,6 milljörðum króna hærri en á uppgjörssdegi. Frekari upplýsingar um áhrif breytinga á gengi og álverði má finna í skýringu 14.

Gjaldfallnir afleiðusamningar

Í kjölfar falls íslensku bankanna hefur velta á gjaldeyrismarkaði verið lítil og varla hægt að segja að gjaldeyrismarkaðurinn sé virkur. Vegna fallsins voru gjaldeyrisviðskipti takmörkuð af hálfu Seðlabanka Íslands og í lok nóvember 2008 setti Alþingi viðauka í lög nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, en með viðaukanum eru sett á gjaldeyrishöft.

Á meðal annarra skulda eru færðir gjaldfallnir afleiðusamningar við gamla Glitni. Samningarnir hafa ekki verið gerðir upp þar sem mikil óvissa ríkir, bæði hjá Orkuveitunni og skilanevnd bankans, um hvernig meðhöndla eigi uppgjör þeirra. Í varúðarskyni var ákveðið að styðjast við miðgengi Seðlabanka Íslands þann 7. október 2008 þar sem það var gengi bankans áður en skilanevnd tók yfir stjórn gamla Glitnis. Gengisvísitalan þá var 175 og er bókfært verð afleiðusamninganna neikvætt um 181,2 milljónir kr. samkvæmt því viðmiði. Samningarnir voru áður færðir sem aðrar fjáreignir eða aðrar fjárskuldir en eru nú flokkaðir með öðrum skammtímaskuldum.